

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi  
Evrópusambandsins

**Nr. 61**

10. árgangur

4.12.2003

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>EES-ráðið</b>	
	2.	<b>Sameiginlega EES-nefndin</b>	
	3.	<b>Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>	
	4.	<b>Ráðgjafarnefnd EES</b>	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Fastanefnd EFTA-ríkjanna</b>	
	2.	<b>Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
<b>2003/EES/61/01</b>		Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, til annarra EFTA-ríkja, aðildarríkja ESB og hagsmunaaðila um fyrirhugaða ríkisaðstoð í tengslum við sölu 1744 leiguíbúða í Ósló (ríkisaðstoð SAM 020.500.040 – Noregur) . . . . .	<b>1</b>
<b>2003/EES/61/02</b>		Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) – Ákvæði um nýjar skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á leiðasvæðum 1 og 2 (Finnmörk og Norður-Troms) . . . . .	<b>8</b>
<b>2003/EES/61/03</b>		Rekstur áætlunarflugs - Útboð frá Noregi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) á rekstri áætlunarflugs á leiðasvæðum 1 og 2 (Finnmörk og Norður-Troms) . . . . .	<b>21</b>
	<b>3.</b>	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
<b>2003/EES/61/04</b>		Kæra sem Transportbedriftenes Landsforening og Nor-Way Bussekspress AS lögðu fram 18. september 2003 á hendur Eftirlitsstofnun EFTA (mál E-3/03) . . . . .	<b>26</b>
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Ráðið</b>	
	2.	<b>Framkvæmdastjórnin</b>	
<b>2003/EES/61/05</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3288 – TNK-BP/Sibneft/Slavneft JV) . . . . .	<b>27</b>

2003/EES/61/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3331 – KKR/MTU) . . . . .	28
2003/EES/61/07	Tilkynning samkvæmt 4. og 5. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans – Beiðni um heimild til að setja í landslög ákvæði sem vikja frá samræmingarráðstöfun bandalagsins . . . . .	29
2003/EES/61/08	Tilkynning um heiti vitnisburðar í sérgreinum lækni­fræði . . . . .	30
2003/EES/61/09	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir . . . . .	31

### 3. Dómstóllinn

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**RÍKISAÐSTOÐ**  
(SAM 020.500.040 – Noregur)

2003/EES/61/01

**Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, til annarra EFTA-riksja, aðildarríkja ESB og hagsmunaaðila um fyrirhugaða ríkisaðstoð í tengslum við sölu 1744 leiguíbúða í Ósló (ríkisaðstoð SAM 020.500.040)**

Með ákvörðun 113/03/COL frá 11. júlí 2003 hóf Eftirlitsstofnun EFTA málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Norskum stjórnvöldum hefur verið tilkynnt þetta með afriti af ákvörðuninni.

\*\*\*\*\*

### I. MÁLSATVIK

#### 1. Tilkynningar

Í bréfi frá 10. febrúar 2003 (skjalnr. 03-829-A) framsendi sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins frá 7. febrúar 2003 og ódagsett bréf Óslóarborgar (ásamt 31 viðauka). Bæði þessi bréf bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð 11. febrúar 2003. Í bréfinu var að finna tilkynningu norskra stjórnvalda í samræmi við 3. mgr. 1. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól um þá ákvörðun Óslóarborgar að selja 1744 leiguíbúðir í eigu borgarinnar.

Í bréfi frá 9. apríl 2003 (skjalnr. 03-2133-D) óskaði eftirlitsstofnunin frekari upplýsinga. Í bréfinu kom einnig fram að skrifstofa samkeppnismála og ríkisaðstoðar teldi vafa leika á að salan samrýmdist ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Í símbréfi frá 14. maí 2003 (skjalnr. 03-3127-A) framsendi viðskipta- og iðnaðarráðuneytið bréf Óslóarborgar (skrifstofu borgarlögmanns) frá 14. maí 2003 með frekari upplýsingum norskra stjórnvalda. Bæði bréfin bárust eftirlitsstofnuninni 14. maí 2003. Sömu skjöl bárust í bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu frá 5. júní 2003, sem barst eftirlitsstofnuninni og var skráð 10. júní 2003 (skjalnr. 03-3630-A).

#### 2. Aðdragandi

Í bréfi frá 18. maí 2001 (skjalnr. 01-3792-D) fór eftirlitsstofnunin þess á leit við norsk stjórnvöld að þau legðu fram allar upplýsingar sem máli skiptu um sölu 1744 íbúða til „Fredensborg Boligutleie ANS“ til þess að stofnunin gæti metið hvort salan væri í samræmi við 61. gr. EES-samningsins og kafla 18B, *Ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum*, í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð sem stofnunin hefur gefið út.

Í bréfi frá 31. maí 2001 (skjalnr. 01-4004-D) minnti eftirlitsstofnunin norsk stjórnvöld á „stöðvunarákvæðið“ í 3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og ákvæðin um lögbann („bráðabirgðaaðgerðir“) í 6. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð, *Sérákvæði um aðstoð sem er ólögleg vegna brota á málsmeðferðarreglum*.

Í bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu frá 26. júní 2001, sem barst stofnuninni og var skráð sama dag (skjalnr. 01-5730-A), lögðu norsk stjórnvöld fram gögn sem þau töldu, í samræði við Óslóarborg, hafa að geyma gagnlegustu upplýsingarnar til að meta hvort salan væri í samræmi

við 61. gr. EES-samningsins. Meðal gagna sem lögð voru fram 26. júní 2001 er bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins til eftirlitsstofnunarinnar frá 15. júní 2001. Ráðuneytið tekur fram í bréfinu að það vilji ekki „*lýsa skoðun sinni á þeim álitamálum sem koma fram í gögnum*“.

Meðal gagna sem lögð voru fram 26. júní 2001 er einnig bréf Óslóarborgar til viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins frá 5. júní 2001. Í bréfinu færa borgaryfirvöld rök fyrir því að salan sé í samræmi við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð. Borgaryfirvöld taka fram að mat óvilhalls sérfræðings hafi farið fram í samræmi við lið 18B.2.2 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð og að 3,4% munur á söluverði og matsverði teljist samrýmanlegur markaðsskilyrðum eins og lýst er í lið 18B.2.2 b) í leiðbeiningunum.

Borgaryfirvöld í Ósló benda á að taka verði tillit til þess hve skammur tími var til stefnu þegar eignirnar voru seldar. Borgaryfirvöld komust í tímaþröng vegna fyrirhugaðra breytinga ríkisstjórnarinnar á skipan sjúkráðsmála<sup>(1)</sup>. Í bréfinu frá 5. júní 2001 kemur fram að þetta kunni að hafa valdið því að bjóðendur urðu færri en æskilegt var og lægri tilboð hafi borist en vænta hefði mátt ef lengri tími hefði verið til ráðstöfunar<sup>(2)</sup>. Borgaryfirvöld færa þó rök fyrir því að þótt þessi tímaþröng kunni að hafa haft áhrif til lækkunar á verðinu sé ekki um ríkisaðstoð að ræða enda hafi borgaryfirvöld breytt eins og einkafjárfestir hefði gert við sömu aðstæður (þ.e. með lítinn tíma til ráðstöfunar).

Í bréfi sínu frá 20. júlí 2001 (skjalnr. 01-5673-D) tók eftirlitsstofnunin fram að hún hefði miklar efasemdir um að málsmeðferðinni sem kveðið er á um í lið 18B.2.2 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð hefði verið fylgt. Stofnunin lýsti efasemdum um að eignirnar hefðu verið metnar áður en samningaviðræður um kaupin hófust, að metið hefði verið á grundvelli almennt viðurkenndra markaðsvísa og matsstaðla og að söluverð sem væri 3,4% undir matsverði væri í samræmi við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð. Stofnunin óskaði eftir athugasemdum Norðmanna um þetta og skyldu þær teknar til athugunar áður en ákveðið væri hvort formleg rannsókn skyldi hafin (2. mgr. 1. gr. bókonar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Viðskipta- og iðnaðarráðuneytið sendi athugasemdir sínar með símbréfi frá 27. júlí 2001 (skjalnr. 01-6026-A) sem barst eftirlitsstofnuninni og var skráð sama dag. Ráðuneytið tók fram að unnið yrði frekar að málinu „*með það að markmiði að tryggja að Norðmenn virði skuldbindingar sínar samkvæmt 61. gr. EES-samningsins*“. Ráðuneytið skýrði eftirlitsstofnuninni frá því að hinn 25. júlí 2001 hefði fylkisstjóri Óslóar og Akershus ákveðið að Óslóarborg væri óheimilt samkvæmt lögum að samþykkja afsal fyrir en fylkisstjórinn hefði tekið endanlega ákvörðun. Einnig myndi fara fram nýtt sérfræðimat á verðmæti húsnæðisins. (Niðurstöður nýja verðmatsins komu fram í bréfi Óslóarborgar sem barst hinn 11. febrúar 2003, sjá lið I.3 hér á eftir.)

Í bréfi sínu frá 31. júlí 2001 (skjalnr. 01-6017-D) skýrði eftirlitsstofnunin norskum stjórnvöldum frá því að hún hefði ákveðið að hefja ekki formlega rannsókn á þessu stigi málsins. Stofnunin tók fram að vænst væri formlegar tilkynningar um sölu á samræmi við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð.

### 3. Lýsing á fyrirhugaðri sölu

Í mars 2001 ákváðu borgaryfirvöld í Ósló að selja 1744 leiguíbúðir í eigu borgarinnar fyrir maílok 2001. Íbúðirnar voru flestar leigðar starfsmönnum á sjúkrahúsum borgarinnar. Hinn 16. mars 2001 var sjálfstæðri fasteignasölu, Akershus Eiendom AS, falið að selja íbúðirnar í einu lagi fyrir hönd Óslóarborgar. Hinn 30. mars 2001 skilaði sjálfstætt ráðgjafarfyrirtæki, Catella Eiendoms-Consult AS, skýrslu um íbúðirnar og verðmæti þeirra. Síðar var annað verðmat pantað frá sjálfstæðu matsfyrirtæki, OPAK AS, og var því skilað 26. apríl 2001. Akershus Eiendom hóf undirbúning að sölu íbúðanna hinn 2. apríl 2001 með skýrslunni frá Catella. Sala íbúðanna var gerð opinber með fréttatilkynningu dagsettri 19. apríl 2001. Útboðslýsingu fyrir íbúðirnar var dreift 23. apríl 2001. Verðmatið frá OPAK reyndist lægra en verðmatið frá Catella, þ.e. 795 milljónir norskra króna í stað 1 143 milljóna. Væntanlegir fjárfestar fengu einnig sent verðmatið frá OPAK.

Fjárfestar voru beðnir að leggja fram tilboð eigi síðar en 2. maí og útboðinu lauk 3. maí. Hinn 8. maí samþykkti Sundal Collier & Co ASA að kaupa íbúðirnar, en eiginlegur kaupandi var Fredensborg Boligutleie ANS. Óslóarborg hafði þetta bindandi tilboð til athugunar í meira en þrjár vikur. Borgaryfirvöld óskuðu eftir breytingu á verðmatinu frá OPAK með hliðsjón af leiðréttingu á

<sup>(1)</sup> Frumvarp til laga nr. 66 (2000–2001) *Om lov om helseforetak m.m. (helseforetaksloven)*.

<sup>(2)</sup> Á norsku er þessi setning sem hér segir: „*Dette tidspresset kan ha ført til at kretsen av interesserte ble mindre enn ønskelig, og/eller at kjøperne la inn lavere bud enn de ville gjort i en situasjon med bedre tid*“.

verðmæti tiltekinna leiguíbúða í samræmi við staðreyndir sem ekki var tekið tillit til í fyrsta matinu. Að teknu tilliti til þessara leiðréttinga lækkaði OPAK mat sitt á eignunum í 740 milljónir norskra króna. Breytingarnar voru kynntar borgaryfirvöldum í Ósló hinn 14. maí. Með undirritun sölusamnings 31. maí seldi Óslóarborg íbúðirnar 1744 í einu lagi fyrir 715 milljónir norskra króna til Fredensborg Boligutleie ANS.

Eftirlitsstofnuninni bárust á árinu 2001 þær upplýsingar um söluna og verðmatið frá Catella og OPAK sem lýst hefur verið í stuttu máli hér á undan. Í bréfi Óslóarborgar, sem fylgdi bréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins frá 7. febrúar 2003, lögðu borgaryfirvöld fram ítarlegar upplýsingar um söluna, meðal annars upplýsingar sem þegar höfðu borist stofnuninni árið 2001. Í því sem á eftir fer eru einkum teknar saman nýjar upplýsingar og röksemdir borgaryfirvalda.

Niðurstöður endurskoðaðs verðmats á vegum FIGA/Nortakst (í júní 2002) var að verðgildi íbúðanna væri 1 055 milljónir norskra króna. Í bréfi Óslóarborgar, sem fylgdi bréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins frá 7. febrúar 2003, draga borgaryfirvöld í efa að þetta mat endurspegli verðmæti íbúðanna og telja að verðmatið frá OPAK komist næst réttu markaðsvirði.

Borgaryfirvöld færa ennfremur rök fyrir því að salan falli ekki undir ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Fyrsta ástæðan er sú að þau telja að söluverðið endurspegli markaðsvirði eignanna. Að áliti borgaryfirvalda fór salan fram að afstöðnu vel auglýstu opnu útboði með þátttöku nokkurra bjóðenda sem höfðu allir jafnan aðgang að þeim upplýsingum sem máli skiptu, og tekið var tilboði hæstbjóðanda. Því hafi eignirnar verið seldar „á markaðsvirði samkvæmt skilgreiningu og er þar af leiðandi ekki um ríkisaðstoð að ræða“. Á þessari forsendu telja borgaryfirvöld það ekki skipta máli heldur „þótt annað verðmat á eignunum hafi verið til fyrir útboðið“. Í þessu tilviki telja borgaryfirvöld að legið hafi fyrir, þegar á þeim tíma sem salan fór fram, sjálfstætt verðmat sem staðfesti að fengist hafi markaðsvirði fyrir eignirnar.

Í öðru lagi telja borgaryfirvöld að þótt niðurstaðan verði að viðskiptin feli í sér ríkisaðstoð að einhverju marki og samkeppni hafi verið raskað með tilteknum samningum, þ.e. að Fredensborg Boligutleie ANS hafi verið ívilnað, sé engin vísbending um að þetta hafi haft áhrif á viðskipti milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þessu samhengi telja borgaryfirvöld að markaðurinn sem skipti máli sé markaður fyrir leiguhúsnæði. Þar eð Fredensborg Boligutleie ANS reki leiguhúsnæði í Ósló og nágrenni og sé þar með ekki í samkeppni við fyrirtæki sem leigi út húsnæði í öðrum EES-ríkjum er það skoðun borgaryfirvalda að sala eignanna hafi ekki haft áhrif á þjónustuviðskipti milli EES-ríkjanna. Jafnframt sé afar ólíklegt að aðstoð við Fredensborg hafi áhrif á viðskipti milli landa á öðrum mörkuðum. Niðurstaða borgaryfirvalda er því á þá leið að sala íbúðanna feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins.

Í bréfi Óslóarborgar frá 14. maí 2003 nefna borgaryfirvöld í fyrsta lagi að þau muni ekki halda því fram að sala íbúðanna hafi verið í fullu samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í lið 18B.2.1 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, en söluverðið endurspegli engu að síður markaðsvirði. Í öðru lagi telja borgaryfirvöld að salan hafi verið í samræmi við lið 18B.2.2 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð og verðmatið, sem OPAK hafi gert (740 milljónir norskra króna), samsvari markaðsvirði. Í þriðja lagi telja borgaryfirvöld að eftirlitsstofnunin hafi ekki látið gera markaðsmat eins og þörf sé á í tengslum við áhrif á viðskipti milli landa.

Að lokum vísa borgaryfirvöld í bréf Fredensborg Boligutleie ANS (kaupandans) til eftirlitsstofnunarinnar frá 18. febrúar 2003 þar sem kaupandinn færir rök fyrir því að unnt eigi að vera að beita „einkafjárfestaviðmiðinu“ á söluna og að taka verði tillit til tímaskorts vegna fyrirhugaðra breytinga á skípan sjúkrhúsmála þegar metið er hvort söluverðið sé undir markaðsvirði.

## II. MAT

### 1. Tilkynningaskylda og stöðvunarákvæði

Í 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól stendur: „Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda.“ Aðstoð, sem er ekki tilkynnt eða tilkynnt of seint, þ.e. eftir að hún „kemur til framkvæmda“, telst óréttmæt, sjá 1. mgr. liðar 3.2.2 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð.

Í lið 18B.2.3 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð stendur m.a. að EFTA-ríkjunum beri að tilkynna sérhverja sölu lóða eða húseigna hins opinbera sem ekki fer fram á grundvelli opins og skilmálalauss útboðs og, hafi slík meðferð ekki átt sér stað, sérhverja sölu sem er undir markaðsvirði.

Í 5. mgr. liðar 3.2.1 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð stendur einnig: „*Þegar EFTA-riki er í vafa um hvort fyrirhuguð ráðstöfun felur í sér ríkisaðstoð eða ekki ber að upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um það áður en slík ráðstöfun kemur til framkvæmda.*“

Afsal fyrir íbúðunum er enn háð endanlegri ákvörðun fylkisstjóra Óslóar og Akershus. Að teknu tilliti til þessara aðstæðna tekur eftirlitsstofnunin mið af tilkynningu norskra stjórnvalda sem er að finna í bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu frá 10. febrúar 2003, sem barst stofnuninni og var skráð 11. febrúar 2003 (skjalnr. 03-829-A), í símbréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins frá 14. maí 2003, sem barst stofnuninni og var skráð 14. maí 2003 (skjalnr. 03-3127-A), og í bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu frá 5. júní 2003 sem barst stofnuninni og var skráð 10. júní 2003 (skjalnr. 03-3630-A).

## 2. Hvort um ríkisaðstoð er að ræða og samrýmanleiki aðstoðarinnar

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-riki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Aðstoð, sem fellur undir þetta ákvæði, er ósamrýmanleg EES-samningnum og því óheimil, enda sé eftirtöldum fjórum skilyrðum fullnægt:

1. Um er að ræða aðstoð sem „*aðildarríki EB eða EFTA-riki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum*“.
2. Aðstoðin „*raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni*“.
3. Aðstoðin ívilnar „*ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara*“.
4. Aðstoðin „*hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila*“.

Í kafla 18B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, *Ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum*, er að finna frekari upplýsingar um túlkun og beitingu eftirlitsstofnunarinnar á ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð að því er varðar sölu lóða og húseigna. Í lið 18B.2.1 er lýst sölu með skilmálalaus útbóði en sölu án skilmálalauss útboðs (mat óvilhalls sérfræðings) í lið 18B.2.2. Þessar tvær aðferðir gera EFTA-ríkjunum kleift að halda þannig á málum við sölu lóða og húseigna að ríkisaðstoð sé útilokuð.

### – Fyrsta skilyrði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Fyrsta skilyrði hér á undan varðar alla aðstoð sem greidd er af opinberum sjóðum, að meðtöldum greiðslum frá héraðsstjórnnum og sveitarfélögum. Þess vegna blasir við að aðstoð frá Óslóarborg telst ríkisaðstoð. Sala lóða og húseigna í opinberri eigu undir markaðsvirði felur í sér ráðstöfun á ríkisfjármunum.

Í bréfinu frá 14. maí 2003 taka borgaryfirvöld í Ósló fram (sjá lið 1.3. hér á undan) að þau muni ekki halda því fram málsmeðferðin hafi verið í fullu samræmi við kröfurnar í lið 18B.2.1 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, en markmið sem liggja að baki þeim hafi náðst (þ.e. markaðsvirði).

Í a-lið 1. mgr. liðar 18B.2.1 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð stendur: „Útboð er „nægilega vel auglýst“ ef það er auglýst nokkrum sinnum á nægilega löngum tíma (tveimur mánuðum eða lengur) í innlendum blöðum, fasteignablöðum eða í öðrum viðeigandi útgáfum eða auglýst af fasteignasölum sem stíla á stóran hóp af væntanlegum kaupendum, þannig að þeir taki eftir því.

*Fyrirhugaða sölu á lóðum og húseignum sem fjárfestar, sem starfa á Evrópu- eða alþjóðavísu kunna að hafa áhuga á vegna mikilla verðmæta eða annarra eiginleika þeirra, ber að auglýsa í blöðum sem dreift er reglulega á alþjóðavettvangi. Slikum tilboðum skal einnig komið á framfæri fyrir meðalgöngu fasteignasala sem stíla á viðskiptavinum á Evrópu- eða alþjóðavísu.“*

Samkvæmt skilningi eftirlitsstofnunarinnar á sölu eins og henni er lýst í tilkynningunni var hún ekki auglýst í samræmi við ofangreind ákvæði Leiðbeininga um ríkisaðstoð. Stofnunin hefur því miklar efasemdir um að Óslóarborg hafi náð markmiðunum sem liggja að baki ákvæðum liðar 18B.2.1 í leiðbeiningunum.

Í bréfinu frá 14. maí 2003 segja borgaryfirvöld einnig (sjá lið I.3. hér á undan) að salan hafi verið í samræmi við lið 18B.2.2 (mat óvilhalls sérfræðings) í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð.

Í a-lið liðar 18B.2.2 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð stendur m.a.: „skal fara fram óháð mat fyrir sölusamningaviðræður sem framkvæmt er afeinum eða fleiri óvilhöllum eignamatsmönnum til að ákveða markaðsvirði á grundvelli almennra viðurkenndra markaðsvísa og matsstaðla“. Ennfremur stendur í b-lið liðar 18B.2.2: „Ef í ljós kemur, eftir tilhlýðilegt átak til að selja lóðirnar og húseignirnar á markaðsvirði, að ekki er hægt að fá það verð sem matsmaður hefur sett upp, geta allt að 5% frávik frá því verði talist samrýmast markaðsskilyrðum“.

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem lagðar hafa verið fram hefur Eftirlitsstofnunin miklar efasemdir um að verðmatið frá OPAK (sem norsk yfirvöld notuðust við) hafi farið fram áður en samningaviðræður hófust, að matið hafi farið fram á grundvelli almennt viðurkenndra markaðsvísa og matsstaðla og, þar sem skammur tími var til stefnu, að tilhlýðilegt átak hafi verið gert til að selja íbúðirnar á markaðsvirði.

Auk þessa var umsamið (og tilkynnt) söluverð 715 milljónir norskra króna, en hið nýja verðmat frá FIGA/Nortakst var 1055 milljónir norskra króna (sjá lið I.3 hér á undan). Borgaryfirvöld í Ósló segja að telja beri að matið frá OPAK (740 milljónir norskra króna) endurspegli markaðsvirði. Að teknu tilliti til þess hve mikið ósamræmi er í verðmati þessara tveggja fyrirtækja hefur eftirlitsstofnunin miklar efasemdir um að umsamið söluverð (715 milljónir norskra króna) endurspegli markaðsvirði.

#### – **Annað og fjórða skilyrði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins**

Annað og fjórða skilyrði hér á undan fela í sér að aðstoðin verður að raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Samkvæmt samfelldri dómaframkvæmd að því er þessi ákvæði varðar er sú staðreynd ein, að aðstoð styrki samkeppnisstöðu fyrirtækis gagnvart öðrum fyrirtækjum sem eru keppinautar þess í viðskiptum milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu, nægileg rök fyrir þeirri ályktun að aðstoðin hafi áhrif á viðskipti milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá skiptir ekki máli þótt fyrirtækin sem njóta aðstoðar stundi ekki útflutning.

Óslóarborg telur (sjá lið I.3 hér á undan) að jafnvel þótt niðurstaðan verði að söluverðið hafi verið undir markaðsvirði feli sala íbúðanna ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna þess að ekki sé um viðskipti milli landa að ræða á markaðnum sem kaupandinn starfar á. Jafnframt telja borgaryfirvöld að markaður fyrir leiguhúsnaði í suðaustanverðum Noregi sé staðbundinn.

Eftirlitsstofnunin er þeirrar skoðunar að fasteignamarkaður í Ósló takmarkist ekki við fyrirtæki á því svæði. Fredensborg Boligutleie ANS er eða gæti verið í samkeppni við svipuð fyrirtæki í Noregi og öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Söluverð undir markaðsvirði, sem ívilnar Fredensborg Boligutleie ANS, raskar eða er til þess fallið að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Af þessu leiðir, að álit eftirlitsstofnunarinnar, að öðru og fjórða skilyrðinu er fullnægt.

– **Þriðja skilyrði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins**

Þriðja skilyrði hér á undan merkir að aðstoðin verður að vera sértæk eða takmörkuð, þ.e. hún verður að hafa áhrif á jafnvægið milli fyrirtækisins sem fær aðstoð og keppinauta þess. Í þessu tilviki væri fyrirtækið sem fær aðstoð Fredensborg Boligutleie ANS. Skilningur eftirlitsstofnunarinnar er að ekki sé ágreiningur um að þessu skilyrði sé fullnægt.

– **Niðurstaða um 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins**

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er eftirlitsstofnunin þeirrar skoðunar að sala íbúðanna geti falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

**3. Einkafjárfestaviðmiðið**

Í bréfinu frá 14. maí 2003 vísa borgaryfirvöld í Ósló í bréf kaupanda íbúðanna (Fredensborg Boligutleie ANS) til eftirlitsstofnunarinnar frá 18. febrúar 2003 þar sem kaupandinn færir rök fyrir því að unnt eigi að vera að beita „einkafjárfestaviðmiðinu“ á söluna (sjá lið I.3 hér á undan).

Að því er varðar stöðu Óslóarborgar sem fjárfestis er eftirlitsstofnunin þeirrar skoðunar að þau rök að viðskiptin hafi verið eðlileg að teknu tilliti til fyrirhugaðra breytinga á skipan sjúkráðsmála og meintrar tímaþröngar útiloki ekki að beitt sé ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Þrátt fyrir breytingar á skipan sjúkráðsmála er eftir sem áður nauðsynlegt að rannsaka hvort salan styrki stöðu kaupandans með því að færa honum ávinning sem hann hefði ekki öðlast við venjuleg markaðsskilyrði.

Eftirlitsstofnunin hefur því einnig efasemdir um rök Óslóarborgar (og kaupandans) um þetta atriði.

**4. Samrýmanleiki aðstoðarinnar**

Norðmenn hafa fært rök fyrir því að hin tilkynntu viðskipti feli ekki í sér ríkisaðstoð og hafa ekki fjallað um samrýmanleika aðstoðarinnar. Eftir að metið hefur verið hvort líklegt sé að sala íbúðanna feli í sér ríkisaðstoð er þó nauðsynlegt að huga að því hvort slík aðstoð sé samrýmanleg EES-samningnum á grundvelli 2. og 3. mgr. 61. gr. samningsins.

2. mgr. 61. gr. virðist ekki eiga við. Eftirlitsstofnunin fær til að mynda ekki séð að salan feli í sér aðstoð af félagslegum toga sem veitt er einstökum neytendum.

Á grundvelli þeirra gagna sem eftirlitsstofnunin hefur undir höndum virðist ekki heldur ástæða til að beita a-, b- eða c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Stofnunin telur ekki að sölunni sé ætlað að efla hagþróun á svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið, hrinda í framkvæmd sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum né greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða.

**5. Niðurstaða**

Með hliðsjón af ofangreindum málsatvikum og umfjöllunaratriðum telur eftirlitsstofnunin að ekki liggi ljóst fyrir hvort sala 1744 íbúða í eigu Óslóarborgar til „Fredensborg Boligutleie ANS“ feli í sér ríkisaðstoð og hvort sú aðstoð samrýmist þá framkvæmd EES-samningsins. Af þeim sökum, og í samræmi við lið 5.2. í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, er eftirlitsstofnuninni skylt að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Ákvörðun um að hefja málsmeðferð er tekin með fyrirvara um endanlega ákvörðun, sem þó gæti orðið sú að sala íbúðanna samrýmist framkvæmd EES-samningsins.



**TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:**

1. Hefja skal málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar tilkynnta sölu 1744 íbúða í eigu Óslóarborgar til „Fredensborg Boligutleie ANS“.
2. Í samræmi við 1. mgr. liðar 5.3.1. í 5. kafla leiðbeininga eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð er norskum stjórnvöldum gefinn tveggja mánaða frestur frá því að ákvörðun þessi er tilkynnt til að leggja fram athugasemdir við upphaf formlegrar rannsóknar.
3. Stofnunin fer þess á leit við norsk stjórnvöld að áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að ákvörðun þessi er tilkynnt leggi þau fram öll þau gögn sem auðveldað gætu stofnuninni rannsókn á því hvort sala íbúðanna samrýmist EES-samningnum.
4. Stofnunin fer þess á leit við norsk stjórnvöld að þau tilkynni fyrirtækinu sem kann að hafa fengið aðstoð, „Fredensborg Boligutleie ANS“, tafarlaust um upphaf málsmeðferðar og komi því á framfæri að það kunnir að þurfa að endurgreiða aðstoð sem það hefur fengið.
5. Þessi ákvörðun skal tilkynnt öðrum EFTA-ríkjum, aðildarríkjum EB og hagsmunaaðilum með því að birta hana í EES-þætti Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau, og skal þeim gefinn eins mánaðar frestur frá birtingu til að leggja fram athugasemdir.
6. Ensk útgáfa ákvörðunar þessarar er fullgild.

Gjört í Brussel 11. júlí 2003.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

*Einar M. Bull*  
Forseti

*Hannes Hafstein*  
Stjórnarmaður

\*\*\*\*\*

Eftirlitsstofnun EFTA gefur hér með EFTA-ríkjunum, aðildarríkjum ESB og hagsmunaaðilum færi á að leggja fram athugasemdir um þessar ráðstafanir áður en einn mánuður er liðinn frá því að þessi tilkynning er birt. Athugasemdirnar skal senda til:

EFTA Surveillance Authority  
Rue de Trèves 74  
B-1040 Brussel/Bruxelles

Athugasemdum verður komið á framfæri við norsk stjórnvöld. Hagsmunaaðilum, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skal óskinn vera skrifleg og rökstudd.

**Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr.  
gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð  
ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að  
flugleiðum innan bandalagsins)**

2003/EES/61/02

**ÁKVÆÐI UM NÝJAR SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU Í ÁÆTLUNARFLUGI Á  
LEIÐASVÆÐUM 1 OG 2  
(FINNMÖRK OG NORDUR-TROMS)**

- 1: - *Leiðir milli Kirkenes, Vadsø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest og  
Alta*  
- *Vardø–Kirkenes–Vardø*

**1. INNGANGUR**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa norsk stjórnvöld ákveðið að leggja skyldur um opinbera þjónustu á áætlunarflug á eftirfarandi leiðum frá 7. júlí 2004:

- Leiðaneti sem nær yfir flugleiðir milli Kirkenes, Vadsø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest og Alta.
- Vardø–Kirkenes–Vardø.

**2. SKILGREINING**

Í þessu skjali merkir hugtakið „áætlunarferð eins flugrekanda“ að flugrekandanum beri að flytja farþega alla leið frá brottfararstað á áfangastað innan leiðanetsins sem skyldur um opinbera þjónustu ná til. Hámarksferðatími í hverri áskilinni áætlunarferð eins flugrekanda er 3 klukkustundir og 30 mínútur frá brottför frá fyrsta brottfararstað til komu á síðasta áfangastað.

**3. Í SKYLDUM UM OPINBERA ÞJÓNUSTU FELST EFTIRFARANDI:**

**3.1 Almenn**

Ef sætanýting í báðar áttir á áætlunarleið til einhvers staðanna Kirkenes, Alta, Vadsø eða Hammerfest á tímabilinu 1. janúar til 30. júní eða 1. ágúst til 30. nóvember verður meiri en 70 af hundraði skal flugfélagið auka sætaframboðið í samræmi við reglur samgönguráðuneytisins sem fram koma í viðauka við þetta skjal.

Ef sætanýting í báðar áttir á áætlunarleið til einhvers staðanna Kirkenes, Alta, Vadsø eða Hammerfest á tímabilinu 1. janúar til 30. júní eða 1. ágúst til 30. nóvember verður minni en 35 af hundraði er flugfélaginu heimilt að draga úr sætaframboði í samræmi við reglur samgönguráðuneytisins sem fram koma í viðauka við þetta skjal.

Taka skal mið af almennri eftirspurn eftir flugi.

Allar tímasetningar miðast við staðartíma.

**3.2 Ákvæði um lágmarksfjölda ferða, sætaframboð, leiðaval og áætlanir á leiðum milli Kirkenes, Vadsø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest og Alta.**

Um suma flugvelli gilda mismunandi ákvæði eftir flugvéartegundinni sem notuð er.

1. *kostur:* gildir um ferðir með loftfari sem er skráð fyrir a.m.k. 30 farþega og búið þrýstirými.

2. *kostur:* gildir um ferðir með loftfari sem er skráð fyrir a.m.k. 15 farþega.

### 3.2.1 Ákvæði sem gilda frá mánudegi til föstudags

Ákvæðin gilda allt árið.

Þegar áskilin er tenging við áætlunarflug til og frá Tromsø verða áætlanir að gera farþegum kleift að ferðast til eða frá Tromsø án þess að skipta oftar en einu sinni um flugvél á leiðinni.

Eftirfarandi ákvæði gilda um brottfarir og komur, leiðaval og áætlanir:

#### Alta

- Sætaframboð frá mánudegi til föstudags samtals skal vera a.m.k. 550 sæti í flugi bæði til og frá Alta.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda milli annarra flugvalla og Alta í báðar áttir eins og áskilið er í þessu skjali.

#### Hammerfest

- A.m.k. fimm brottfarir og komur á dag.
- Sætaframboð frá mánudegi til föstudags samtals skal vera a.m.k. 925 sæti í flugi bæði til og frá Hammerfest.
- A.m.k. þrjár áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Vadsø. Síðasta koma í hvora átt skal eigi vera síðar en kl. 10:30 og síðasta brottför eigi fyrr en kl. 18:30.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Kirkenes.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda milli annarra flugvalla og Hammerfest í báðar áttir eins og áskilið er í þessu skjali.

#### Kirkenes

- Sætaframboð frá mánudegi til föstudags samtals skal vera a.m.k. 725 sæti í flugi bæði til og frá Kirkenes.
- A.m.k. ein áætlunarferð eins flugrekanda í báðar áttir daglega til Alta með eigi fleiri en einni millilendingu.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda milli annarra flugvalla og Kirkenes í báðar áttir eins og áskilið er í þessu skjali.

#### Vadsø

- A.m.k. níu brottfarir og komur á dag.
- Sætaframboð frá mánudegi til föstudags samtals skal vera a.m.k. 1650 sæti í flugi bæði til og frá Vadsø.
- A.m.k. þrjár áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Kirkenes, án millilendinga. Fyrsta koma til Kirkenes skal eigi vera síðar en kl. 11:00 og síðasta brottför frá Kirkenes eigi fyrr en kl. 19:00. Fyrsta koma til Vadsø skal eigi vera síðar en kl. 11:30 og síðasta brottför frá Vadsø eigi fyrr en kl. 18:30.
- A.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Alta. Fyrsta koma í hvora átt skal eigi vera síðar en kl. 10:30. Síðasta brottför frá Vadsø skal eigi vera fyrr en kl. 14:00 og frá Alta eigi fyrr en kl. 15:00.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda milli annarra flugvalla og Vadsø í báðar áttir eins og áskilið er í þessu skjali.

#### Båtsfjord

1. *kostur*: A.m.k. fjórar brottfarir og komur á dag, þannig að eftirfarandi þjónusta sé veitt:

- A.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Kirkenes. Fyrsta koma til Kirkenes skal eigi vera síðar en kl. 11:00 og síðasta brottför frá Kirkenes eigi fyrr en kl. 19:00.

- A.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Vadsø. Fyrsta koma til Vadsø skal eigi vera síðar en kl. 10:30 og síðasta brottför frá Vadsø eigi fyrr en kl. 18:30.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Alta.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Hammerfest.
- Áætlanir verða að miðast við tengingu við a.m.k. tvær áætlunarferðir bæði til og frá Tromsø.

**eða**

2. *kostur*: A.m.k. sex brottfarir og komur á dag, þannig að eftirfarandi þjónusta sé veitt:

- A.m.k. þrjár áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Kirkenes. Fyrsta koma til Kirkenes skal eigi vera síðar en kl. 11:00 og síðasta brottför frá Kirkenes eigi fyrr en kl. 19:00.
- A.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Vadsø. Fyrsta koma til Vadsø skal eigi vera síðar en kl. 10:30 og síðasta brottför frá Vadsø eigi fyrr en kl. 18:30.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Alta.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Hammerfest.
- Áætlanir verða að miðast við tengingu við a.m.k. tvær áætlunarferðir bæði til og frá Tromsø.

**Berlevåg**

1. *kostur*: A.m.k. þrjár brottfarir og komur á dag, þannig að eftirfarandi þjónusta sé veitt:

- Áætlunarferðir eins flugrekanda til Kirkenes þannig að komið sé til Kirkenes eigi síðar en kl. 11:00 og haldið þaðan eigi fyrr en kl. 19:00.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda til Vadsø þannig að komið sé til Vadsø eigi síðar en kl. 10:30 og haldið þaðan eigi fyrr en kl. 18:30.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Alta.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Hammerfest.
- Áætlanir verða að miðast við tengingu við a.m.k. tvær áætlunarferðir bæði til og frá Tromsø.

**eða**

2. *kostur*: A.m.k. fjórar brottfarir og komur á dag, þannig að eftirfarandi þjónusta sé veitt:

- A.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Kirkenes. Fyrsta koma til Kirkenes skal eigi vera síðar en kl. 11:00 og síðasta brottför frá Kirkenes eigi fyrr en kl. 19:00.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda til Vadsø þannig að komið sé til Vadsø eigi síðar en kl. 10:30 og haldið þaðan eigi fyrr en kl. 18:30.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Alta.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Hammerfest.
- Áætlanir verða að miðast við tengingu við a.m.k. tvær áætlunarferðir bæði til og frá Tromsø.

**Mehamn**

1. *kostur*: A.m.k. fjórar brottfarir og komur á dag, þannig að eftirfarandi þjónusta sé veitt:

- A.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Hammerfest. Fyrsta koma til Hammerfest skal eigi vera síðar en kl. 08:30. Síðasta brottför í hvora átt skal eigi vera fyrr en kl. 17:00.
- A.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Vadsø. Síðasta brottför í hvora átt skal eigi vera fyrr en kl. 16:00.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir milli Vadsø og Alta.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Kirkenes.
- Áætlanir verða að miðast við tengingu við a.m.k. tvær áætlunarferðir bæði til og frá Tromsø.

**eða**

2. *kostur*: A.m.k. sex brottfarir og komur á dag, þannig að eftirfarandi þjónusta sé veitt:

- A.m.k. þrjár áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Hammerfest. Fyrsta koma til Hammerfest skal eigi vera síðar en kl. 08:30. Síðasta brottför í hvora átt skal eigi vera fyrr en kl. 17:00.
- A.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Vadsø. Síðasta brottför í hvora átt skal eigi vera fyrr en kl. 16:00.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Alta.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Kirkenes.
- Áætlanir verða að miðast við tengingu við a.m.k. tvær áætlunarferðir bæði til og frá Tromsø.

**Honningsvåg**

1. *kostur*: A.m.k. fjórar brottfarir og komur á dag, þannig að eftirfarandi þjónusta sé veitt:

- A.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Hammerfest. Fyrsta koma til Hammerfest skal eigi vera síðar en kl. 08:30. Síðasta brottför í hvora átt skal eigi vera fyrr en kl. 17:00.
- A.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Vadsø. Síðasta brottför í hvora átt skal eigi vera fyrr en kl. 16:00.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Kirkenes.
- Áætlanir verða að miðast við tengingu við a.m.k. tvær áætlunarferðir bæði til og frá Tromsø.

**eða**

2. *kostur*: A.m.k. sex brottfarir og komur á dag, þannig að eftirfarandi þjónusta sé veitt:

- A.m.k. þrjár áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Hammerfest. Fyrsta koma til Hammerfest skal eigi vera síðar en kl. 08:30. Síðasta brottför í hvora átt skal eigi vera fyrr en kl. 17:00.
- A.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Vadsø. Síðasta brottför í hvora átt skal eigi vera fyrr en kl. 17:00.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Kirkenes.
- Áætlanir verða að miðast við tengingu við a.m.k. tvær áætlunarferðir bæði til og frá Tromsø.

### 3.2.2 Laugardag og sunnudag

Ákvæðin gilda allt árið.

*Eftirtalin ákvæði gilda um ferðir samtals á laugardögum og sunnudögum:*

- Sætaframboð skal vera a.m.k. 110 sæti bæði til og frá Alta, a.m.k. 185 sæti bæði til og frá Hammerfest, a.m.k. 145 sæti bæði til og frá Kirkenes og a.m.k. 330 sæti bæði til og frá Vadsø.
- Brottfarir og komur skulu vera a.m.k. jafnmargar og daglega frá mánudegi til föstudags fyrir Hammerfest, Vadsø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn og Honningsvåg.
- A.m.k. tvær áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir milli Honningsvåg og Hammerfest.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Vadsø frá Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn og Honningsvåg.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir til Hammerfest frá Båtsfjord, Berlevåg og Mehamn.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir milli Vadsø og Alta.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir milli Kirkenes og Alta.
- Tengingar við áætlunarferðir til og frá Tromsø skulu vera a.m.k. jafnmargar og daglega frá mánudegi til föstudags fyrir Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn og Honningsvåg.

*Eftirtalin ákvæði gilda bæði fyrir laugardaga og sunnudaga:*

- Brottför og koma á hverjum flugvallanna Vadsø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest, Kirkenes og Alta.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir milli Vadsø og Hammerfest.
- Áætlunarferðir eins flugrekanda í báðar áttir milli Vadsø og Kirkenes.
- Tenging við flug bæði til og frá fyrir Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn og Honningsvåg.

### 3.2.3 Gerð loftfars

Í áskildum flugferðum skal nota loftfar sem er skráð fyrir a.m.k. 15 farþega.

Athygli flugrekanda er sérstaklega vakin á tæknilegum aðbúnaði og aðstæðum til athafna á flugvöllum, m.a. að flugbrautirnar í Vadsø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg og Hammerfest eru stuttar. Um nánari upplýsingar vinsamlega leitið til:

Luftfartstilsynet (Flugmálastjórn), P O Box 8050 Dep, N-0031 OSLO, sími (47)23.31.78.00

### 3.2.4 Fargjöld

- Hæstu grunnfargjöld (fyrir breytanlegan farmiða) aðra leið mega ekki vera hærri í NOK á rekstrarárinu sem hefst 7. júlí 2004 en fram kemur í töflunni hér fyrir neðan.

Til	Alta	Berlevåg	Båtsfjord	Hammerfest	Honningsvåg	Kirkenes	Mehamn	Vadsø
Frá								
Alta	-	1340	1305	590	1160	1305	1340	1305
Berlevåg	1340	-	475	1180	795	940	475	795
Båtsfjord	1305	475	-	1180	940	795	590	740
Hammerfest	590	1180	1180	-	795	1305	1035	1305
Honningsvåg	1160	795	940	795	-	1305	590	1180
Kirkenes	1305	940	795	1305	1305	-	1120	475
Mehamn	1340	475	590	1035	590	1120	-	980
Vadsø	1305	795	740	1305	1180	475	980	-

- Fyrir hvert rekstrarár þar á eftir skulu hámarksfargjöldin leiðrétt 1. apríl í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs samkvæmt upplýsingum norsku hagstofunnar á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur 15. febrúar sama ár ([http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi\\_en/](http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi_en/)).
- Flugrekandi skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda um innanlandsleiðir á hverjum tíma og skal bjóða alla afslætti samkvæmt þessum samningum.
- Bjóða skal félagslega afslætti í samræmi við viðtekna venju.
- Hin auglýstu hámarksfargjöld gilda þegar flugfélaginu er skylt að flytja farþega á hinni tilgreindu flugleið alla leið frá brottfararstað á áfangastað sjálf innan leiðanetsins sem skyldur um opinbera þjónustu ná til og gilda um allar áskildar áætlunarferðir eins flugrekanda, sbr. liði 3.2.1 og 3.2.2, óháð leiðavali.
- Að því er varðar áætlunarferðir eins flugrekanda sem ekki eru áskildar, innan leiðanetsins sem skyldur um opinbera þjónustu ná til, gilda hin auglýstu fargjöld sem hámarksfargjöld fyrir beint flug eða flug með millilendingum, eða eðlilegt leiðaval samkvæmt staðháttum. Í öðrum tilvikum mega fargjöld ekki vera hærri en sem nemur reiknuðu fargjaldi samkvæmt flugskiptasamningum.

### 3.3 Vardo–Kirkenes–Vardo

#### 3.3.1 Lágmarksferðatíðni, sætaframboð, leiðaval og áætlanir

Ákvæðin gilda allt árið. Skylt er að halda uppi daglegu flugi í báðar áttir.

*Ferðatíðni:*

- A.m.k. þrjár ferðir daglega í báðar áttir frá mánudegi til föstudags og a.m.k. þrjár ferðir í báðar áttir samtals laugardag og sunnudag.

*Sætaframboð:*

- Framboð í hvora átt skal vera a.m.k. 225 sæti samtals frá mánudegi til föstudags og a.m.k. 45 sæti samtals laugardag og sunnudag.
- Ef sætanýting á tímabilinu 1. janúar til 30. júní eða 1. ágúst til 30. nóvember verður meiri en 70 af hundraði skal flugfélagið auka sætaframboðið í samræmi við reglur samgönguráðuneytisins sem fram koma í viðauka við þetta skjal.

- Ef sætanýting á tímabilinu 1. janúar til 30. júní eða 1. ágúst til 30. nóvember verður minni en 35 af hundraði er flugfélaginu heimilt að draga úr sætaframboði í samræmi við reglur samgönguráðuneytisins sem fram koma í viðauka við þetta skjal.

*Leiðaval:*

- Áskildar ferðir skulu vera án millilendingar ef notuð er flugvél sem er skráð fyrir færri en 20 farþega. Þegar notuð er flugvél sem er skráð fyrir 20 farþega eða fleiri er heimilt að millilenda einu sinni.

*Áætlanir:*

Taka skal mið af almennri eftirspurn eftir flugi.

Að auki gilda eftirfarandi ákvæði um áskildar ferðir frá mánudegi til föstudags (staðartími):

- Síðasta brottför frá Kirkenes skal eigi vera fyrir en sex klukkustundum eftir fyrstu komu til Kirkenes.

### 3.3.2 *Gerð loftfars*

Í áskildum flugferðum skal nota loftfar sem er skráð fyrir a.m.k. 15 farþega.

Athygli flugrekenda er sérstaklega vakin á tæknilegum aðbúnaði og aðstæðum til athafna á flugvöllum, m.a. að flugbrautin í Vardø er stutt. Um nánari upplýsingar vinsamlega leitið til:

Luftfartstilsynet (Flugmálastjórn), P O Box 8050 Dep, N-0031 OSLO, sími (47)23.31.78.00

### 3.3.3 *Fargjöld*

- Hæsta grunnfargjald (fyrir breytanlegan farmiða) aðra leið má ekki vera hærra en NOK 625,- á rekstrarárinu sem hefst 7. júlí 2004.
- Fyrir hvert rekstrarár þar á eftir skal hámarksfargjaldið leiðrétt 1. apríl í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs samkvæmt upplýsingum norsku hagstofunnar á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur 15. febrúar sama ár ([http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi\\_en/](http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi_en/)).
- Flugrekandi skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda um innanlandsleiðir á hverjum tíma og skal bjóða alla afslætti samkvæmt þessum samningum.
- Bjóða skal félagslega afslætti í samræmi við viðtekna venju.

### 3.4 *Samföld þjónusta*

Fjöldi flugferða, sem er aflýst af ástæðum sem hægt er að rekja beint til flugrekanda, má ekki fara yfir 1,5 % af fyrirhuguðum fjölda flugferða á hverju ári samkvæmt samþykktri áætlun.

### 3.5 *Samstarfssamningar*

Eftirtalin ákvæði gilda ef fram hefur farið útboð sem takmarkar aðgang að leiðunum sem falla undir skyldur um opinbera þjónustu við einn flugrekanda:



*Fargjöld:*

- Öll fargjöld vegna tengiflugs við annað flug skulu boðin öllum flugrekendum á sömu kjörum. Undanþegin þessu eru fargjöld vegna tengiflugs við annað flug sem bjóðandi annast, að því tilskildu að fargjaldið sé ekki hærra en 40 % af verði breytanlegs farmiða.
- Óheimilt er að veita og nýta bónusstig skv. tryggðar-/bónusáætlunum á flugleiðunum.

*Skilyrði vegna flutnings farþega:*

- Öll skilyrði, sem flugrekandi setur vegna flutnings farþega til eða frá flugleiðum annarra flugrekenda, að meðtöldum tímanum sem fer í að skipta um flug og innrita farþega og farangur, skulu vera hlutlæg og án mismununar.

**4. ANNAÐ**

Þessar skyldur um opinbera þjónustu koma í stað þeirra sem voru birtar sem liðir 1A og 1B í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 24 hinn 9. maí 2002 að því varðar áætlunarflug milli Vadsø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest, Kirkenes og Alta og á leiðinni Vardø–Kirkenes–Vardø.

**5. UPPLÝSINGAR**

Nánari upplýsingar fást hjá:

Samferdselsdepartementet

P O Box 8010 Dep

N-0030 OSLO

Sími (47)22.24.83.53, bréfasími (47)22.24.95.72

Þessar upplýsingar er einnig að finna á Internetinu:

<http://www.odin.dep.no/sd/norsk/aktuelt/anbud>

**2: *Hasvik–Tromsø–Hasvik, Hasvik–Hammerfest–Hasvik, Sørkjosen–Tromsø–Sørkjosen*****1. INNGANGUR**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa norsk stjórnvöld ákveðið að leggja skyldur um opinbera þjónustu á áætlunarflug á eftirfarandi leiðum frá 7. júlí 2004:

Hasvik–Tromsø–Hasvik, Hasvik–Hammerfest–Hasvik, Sørkjosen–Tromsø–Sørkjosen

**2. Í SKYLDUM UM OPINBERA ÞJÓNUSTU FELST EFTIRFARANDI:****2.1 *Almenn ákvæði***

Ef sætanýting á einhverri leiðanna Hasvik–Tromsø–Hasvik, Hasvik–Hammerfest–Hasvik eða Sørkjosen–Tromsø–Sørkjosen á tímabilinu 1. janúar til 30. júní eða 1. ágúst til 30. nóvember verður meiri en 70 af hundraði skal flugfélagið auka sætaframboðið í samræmi við reglur samgönguráðuneytisins sem fram koma í viðauka við þetta skjal.

Ef sætanýting á einhverri leiðanna Hasvik–Tromsø–Hasvik, Hasvik–Hammerfest–Hasvik eða Sørkjosen–Tromsø–Sørkjosen á tímabilinu 1. janúar til 30. júní eða 1. ágúst til 30. nóvember verður minni en 35 af hundraði er flugfélaginu heimilt að draga úr sætaframboði í samræmi við reglur samgönguráðuneytisins sem fram koma í viðauka við þetta skjal.

Taka skal mið af almennri eftirspurn eftir flugi.

Allar tímasetningar miðast við staðartíma.

**2.2 *Ákvæði um lágmarksfjölda ferða, sætaframboð, leiðaval og úætlanir*****2.2.1 *Ákvæði*****Hasvik–Tromsø–Hasvik, Hasvik–Hammerfest–Hasvik**

Ákvæðin gilda allt árið.

**Hasvik–Tromsø:**

- A.m.k. tvær ferðir daglega í báðar áttir mánudaga til föstudaga og skal a.m.k. önnur þeirra miðast við tengingu við flug á leiðinni Tromsø–Ósló–Tromsø.
- A.m.k. ein ferð í báðar áttir á sunnudögum sem miðast við tengingu við flug á leiðinni Tromsø–Ósló–Tromsø.
- Frá mánudegi til föstudags skal fyrsta koma til Tromsø eigi vera síðar en kl. 10:00 og síðasta brottför frá Tromsø eigi fyrr en kl. 13:30.
- Af áskildum daglegum ferðum frá mánudegi til föstudags skal a.m.k. ein ferð í hvora átt vera án millilendingar. Í öðrum ferðum er heimilt að millilenda tvisvar og er heimilt að skipta um flugvél í annarri millilendingunni ef tíminn sem í það fer er ekki lengri en 45 mínútur og flugrekandinn sinnir sjálfur allri leiðinni til og frá Tromsø.

**Hasvik–Hammerfest:**

- A.m.k. ein ferð daglega í báðar áttir frá mánudegi til föstudags þannig að komið sé til Hammerfest eigi síðar en kl. 08:30 og haldið frá Hammerfest eigi fyrr en kl. 14:30.

Vikulegt framboð í hvora átt skal vera a.m.k. 120 sæti bæði til og frá Hasvik á leiðunum Hasvik–Tromsø og Hasvik–Hammerfest samtals.

**Sørkjosen–Tromsø–Sørkjosen**

Ákvæðin gilda allt árið. Skyld er að halda uppi daglegu flugi í báðar áttir.

*Ferðatiðni og leiðaval:*

- A.m.k. tvær ferðir daglega í báðar áttir frá mánudegi til föstudags.
- A.m.k. tvær ferðir í báðar áttir samtals laugardag og sunnudag.
- Áskildar ferðir verða að vera án millilendingar.

*Sætaframboð:*

- Framboð í hvora átt skal vera a.m.k. 250 sæti samtals frá mánudegi til föstudags og a.m.k. 50 sæti samtals laugardag og sunnudag.

*Áætlanir:*

Áskildar ferðir verða að fylgja áætlun sem tengir þær við flugþjónustu á leiðinni Tromsø–Ósló–Tromsø.

Að auki gilda eftirtalin ákvæði um áskildar ferðir frá mánudegi til föstudags:

- Fyrsta koma til Tromsø skal eigi vera síðar en kl. 09:30 og síðasta brottför frá Tromsø eigi fyrr en kl. 18:00.
- Fyrsta brottför frá Tromsø skal eigi vera síðar en kl. 11:30 og síðasta brottför frá Sørkjosen eigi fyrr en kl. 17:00.

**2.2.2 Gerð loftfars**

Í áskildum flugferðum skal nota loftfar sem er skráð fyrir a.m.k. 15 farþega.

Athygli flugrekenda er sérstaklega vakin á tæknilegum aðbúnaði og aðstæðum til athafna á flugvöllum, m.a. að flugbrautirnar í Hasvik, Hammerfest og Sørkjosen eru stuttar. Um nánari upplýsingar vinsamlega leitið til:

Luftfartstilsynet (Flugmálastjórn), P O Box 8050 Dep, N-0031 OSLO, sími (47)23.31.78.00

**2.3 Fargjöld**

- Hæstu grunnfargjöld (fyrir breytanlegan farmiða) aðra leið mega ekki vera hærri í NOK en sem hér segir á rekstrarárinu sem hefst 7. júlí 2004:

Hasvik–Tromsø	1260,-
Hasvik–Hammerfest	590,-
Sørkjosen–Tromsø	670,-

- Fyrir hvert rekstrarár þar á eftir skulu hámarksfargjöldin leiðrétt 1. apríl í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs samkvæmt upplýsingum norsku hagstofunnar á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur 15. febrúar sama ár ([http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi\\_en/](http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi_en/))
- Flugrekandi skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda um innanlandsleiðir á hverjum tíma og skal bjóða alla afslætti samkvæmt þessum samningum.
- Bjóða skal félagslega afslætti í samræmi við viðtekna venju.

#### 2.4 *Samfelld þjónusta*

Fjöldi flugferða, sem er aflýst af ástæðum sem hægt er að rekja beint til flugrekanda, má ekki fara yfir 1,5 % af fyrirhuguðum fjölda flugferða á hverju ári samkvæmt samþykktri áætlun.

#### 2.5 *Samstarfssamningar*

Eftirtalin ákvæði gilda ef fram hefur farið útboð sem takmarkar aðgang að leiðunum sem falla undir skyldur um opinbera þjónustu við einn flugrekanda:

*Fargjöld:*

- Öll fargjöld vegna tengiflugs við annað flug skulu boðin öllum flugrekendum á sömu kjörum. Undanþegin þessu eru fargjöld vegna tengiflugs við annað flug sem bjóðandi annast, að því tilskildu að fargjaldið sé ekki hærra en 40 % af verði breytanlegs farmiða.
- Óheimilt er að veita og nýta bónusstig skv. tryggðar-/bónusáætlunum á flugleiðunum.

*Skilyrði vegna flutnings farþega:*

- Öll skilyrði, sem flugrekandi setur vegna flutnings farþega til eða frá flugleiðum annarra flugrekenda, að meðtöldum tímanum sem fer í að skipta um flug og innrita farþega og farangur, skulu vera hlutlæg og án mismununar.

### 3. **ANNAÐ**

Þessar skyldur um opinbera þjónustu koma í stað þeirra sem voru birtar sem liður 2 í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandalaganna* nr. 24 hinn 9. maí 2002 að því er varðar áætlunarflug á leiðunum Hasvik–Tromsø–Hasvik, Hasvik–Hammerfest–Hasvik og Sørkjosen–Tromsø–Sørkjosen.

### 4. **UPPLÝSINGAR**

Nánari upplýsingar fást hjá:

Samferdselsdepartementet  
P O Box 8010 Dep  
N-0030 OSLO

Sími (47)22.24.83.53, bréfasími (47)22.24.95.72

Þessar upplýsingar er einnig að finna á Internetinu:

<http://www.odin.dep.no/sd/norsk/aktuelt/anbud>

*Viðauki við ákvæði um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Noregi***ÁKVÆÐI UM BREYTINGAR Á SÆTAFRAMBOÐI****1. Tilgangur ákvæðis um breytingar á sætaframboði**

Tilgangur ákvæðisins um breytingar á sætaframboði er að tryggja að sætaframboð flugrekanda fylgi breytingum í eftirspurn á markaði. Þegar farþegafjöldi eykst verulega og fer yfir sætanýtingarmörkin sem um getur hér á eftir er flugrekandanum *skyldur* að auka sætaframboðið. Jafnframt er flugrekandanum *heimilt* að draga úr sætaframboði þegar farþegafjöldi minnkar verulega. Sjá reglurnar í 3. lið hér á eftir.

**2. Tímabil sem mæla skal sætanýtingu**

Útreikningur á sætanýtingu skal miðast við tímabilin frá og með 1. janúar til og með 30. júní og frá og með 1. ágúst til og með 30. nóvember.

**3. Skilyrði fyrir því að auka eða minnka sætaframboð****3.1. Skilyrði fyrir því að auka framboð**

3.1.1. Skyldur er að auka sætaframboð ef meðalsætanýting á hverri einstakri flugleið sem skyldur um opinbera þjónustu ná til er meiri en 70 af hundraði. Ef meðalsætanýting á þessum leiðum er meiri en 70 af hundraði á öðru hvoru tímabilanna sem um getur í 2. lið ber flugrekandanum að auka sætaframboð um a.m.k. 10 af hundraði á þeim leiðum eigi síðar en við upphaf næstu IATA-umferðartíðar á eftir. Sætaframboð skal aukið a.m.k. svo mikið að meðalsætanýting verði ekki meiri en 70 af hundraði.

3.1.2. Þegar sætaframboð er aukið í samræmi við ofangreindar reglur er flugrekandanum heimilt, ef hann svo kys, að nota loftfar sem getur flutt fleiri farþega en tilgreint var í upphaflegu útboðsgögnunum.

3.1.3. Í leiðanetinu sem skyldur um opinbera þjónustu í lið 1 ná til skal meta þörfina á auknu sætaframboði á grundvelli meðalsætanýtingar í ferðum til eftirtalinna áfangastaða í báðar áttir: Kirkenes, Alta, Hammerfest og Vadsø.

**3.2. Skilyrði fyrir því að draga úr framboði**

3.2.1. Heimilt er að draga úr sætaframboði ef meðalsætanýting á hverri einstakri flugleið sem skyldur um opinbera þjónustu ná til er minni en 35 af hundraði. Ef meðalsætanýting á þessum leiðum er minni en 35 af hundraði á öðru hvoru tímabilanna sem um getur í 2. lið er flugrekandanum *heimilt* að draga úr sætaframboði um allt að 25 af hundraði á þeim leiðum frá fyrsta degi eftir að fyrrnefndum tímabilum lýkur.

3.2.2. Í leiðanetinu sem skyldur um opinbera þjónustu í lið 1 ná til skal meta þörfina á minnkðu sætaframboði á grundvelli meðalsætanýtingar í ferðum til eftirtalinna áfangastaða í báðar áttir: Kirkenes, Alta, Hammerfest og Vadsø.

3.2.3. Á leiðum sem flognar eru oftár en tvisvar á dag í hvora átt skal draga úr sætaframboði í samræmi við liði 3.2.1 og 3.2.2 með því að fækka ferðum. Aðeins er heimilt að víkja frá þessu ef flugrekandinn notar loftfar sem getur flutt fleiri farþega en mælt er fyrir um í ákvæðum um skyldur um opinbera þjónustu. Honum er þá heimilt að nota minna loftfar sem þó skal geta flutt jafnmarga farþega og mælt er fyrir um í ákvæðum um skyldur um opinbera þjónustu.

- 3.2.4. Á leiðum sem aðeins eru flognar einu sinni eða tvisvar á dag í hvora átt er aðeins heimilt að draga úr sætaframboði með því að nota loftfar sem getur flutt færri farþega en mælt er fyrir um í ákvæðum um skyldur um opinbera þjónustu.

#### 4. Málsmeðferð við breytingar á sætaframboði

- 4.1. Norska samgönguráðuneytið veitir samkvæmt lögum samþykki fyrir áætlunum flugrekenda, að meðtöldum breytingum á sætaframboði. Vísað er til dreifibréfs N-8/97 frá samgönguráðuneytinu í Noregi sem fylgir útboðsgögnunum.
- 4.2. Þegar fyrirhugað er að auka framboð í samræmi við lið 3.1 skulu flugrekandinn og yfírvöld í sýslunni eða sýslunum sem málið varðar koma sér saman um áætlun fyrir viðbótarframboðið.
- 4.3. Þegar fyrirhugað er að bæta við sætum í samræmi við lið 3.1 og flugrekandinn og yfírvöld í sýslunni (eða sýslunum) sem málið varðar geta ekki komið sér saman um áætlanir í samræmi við lið 4.2 er flugrekandanum heimilt að leita samþykkis samgönguráðuneytisins í Noregi í samræmi við lið 4.1 fyrir nýrri áætlun vegna viðbótarframboðs. Þetta merkir ekki að flugrekandanum sé heimilt að sækja um samþykki fyrir áætlun sem felur ekki í sér áskilda aukningu á framboði. Gildar ástæður verða að vera fyrir hendi til þess að ráðuneytið samþykki tillögur flugrekanda um áætlanir vegna aukins framboðs sem vikja frá því sem yfírvöld í sýslunni (eða sýslunum) sem málið varðar geta samþykkt í samræmi við lið 4.2.

#### 5. Óbreyttur fjárstyrkur þegar sætaframboð breytist

- 5.1. Fjárstyrkur sem greiddur er flugrekanda breytist ekki þótt sætaframboð sé aukið í samræmi við lið 3.1.
- 5.2. Fjárstyrkur sem greiddur er flugrekanda breytist ekki þótt sætaframboð sé minnkað í samræmi við lið 3.2.

## REKSTUR ÁÆTLUNARFLUGS

2003/EES/61/03

**Útboð frá Noregi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 64a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) á rekstri áætlunarflugs á leiðasvæðum 1 og 2 (Finnmörk og Norður-Troms)**

**1. INNGANGUR**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa norsk stjórnvöld ákveðið að leggja skyldur um opinbera þjónustu á áætlunarflug innanhéraðs frá 7. júlí 2004 og voru þær birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 294 og EES-viðbæti við þau hinn 4. desember 2003.

Hafi enginn flugrekandi sent samgönguráðuneytinu skriflegt erindi áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að tilboðsfrestur rann út, sbr. 12. lið þessarar tilkynningar, til staðfestingar á því að hann hyggist hefja áætlunarflug 7. júlí 2004 í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu sem hvíla á einni eða fleiri útboðsleiðum sem um getur í 2. lið þessarar tilkynningar, án þess að fara fram á fjárstyrk eða markaðsvernd, munu norsk yfirvöld láta fara fram útboð í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og takmarka þannig hverja þá útboðsleið, sem um getur í 2. lið, við einn flugrekanda frá og með 7. júlí 2004.

**2. MARKMID ÚTBODSINS**

Markmið útboðsins er að koma á áætlunarflugi frá 7. júlí 2004 í samræmi við áhvílandi skyldur um opinbera þjónustu eins og þeim er lýst í þessu skjali.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að breyta ákvæðum um opinbera þjónustu ef ákveðið verður að loka flugvöllum. Ef til lokunar flugvalla skyldi koma verður það tilkynnt öllum fyrirtækjum sem hafa fengið útboðstilkynninguna senda. Jafnframt verður unnt að nálgast upplýsingarnar á <http://www.odin.dep.no/sd/norsk/aktuelt/anbud/index-b-n-a.html>.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að breyta ákvæðum um opinbera þjónustu ef breytingar verða á skilyrðum fyrir viðurkenningu flugvalla. Ef slíkar breytingar verða er ráðuneytinu heimilt að bjóða flugsvæðið út að nýju.

Nauðsynlegt er að bjóðendur kynni sér vandlega sérstakar aðstæður á hverjum flugvelli um sig, m.a. að skylt er að hlíta takmörkunum á nýtingu loftrýmisins sem gilda um það leyti sem útboðið fer fram og stafa af umsvifum hersins; sjá reglugerð nr. 44 frá 16. janúar 2003 um sveigjanlega notkun loftrýmis. Upplýsingar um staðsetningu og flatarmál æfingasvæða og hvenær þau eru í notkun er að finna í AIP Norway, ENR 5.2 og ENR 6.5. Nánari upplýsingar um samkomulag milli norska flughersins og Avinor á grundvelli ofangreindrar reglugerðar fást hjá Avinor, Wergelandsveien 1, POB 8124 Dep, N-0032 Oslo.

Flugsvæðin og útboð fyrir þau eru sem hér segir:

*Flugsvæði 1*

- Leiðir milli Kirkenes, Vadsø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest og Alta
- Vardø–Kirkenes

*Flugsvæði 2*

- Hasvik–Tromsø, Hasvik–Hammerfest, Sørkjosen–Tromsø

Flugrekendum er einnig heimilt að gera tilboð fyrir flugsvæði 2 með þeim fyrirvara að tilboði þeirra fyrir flugsvæði 1 verði tekið. Bjóðendum ber þá að láta koma skýrt fram styrkfjárhæðina sem þeir fara fram á fyrir flugsvæði 2 eitt og sér ef svo skyldi fara að eingöngu verði tekið tilboði þeirra í það flugsvæði.

### 3. RÉTTUR TIL AÐ GERA TILBOÐ

Öllum flugrekendum með gilt flugrekstrarleyfi samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum er heimilt að gera tilboð.

### 4. ÚTBOÐSTILHÖGUN

Útboðið fer fram í samræmi við ákvæði d-, e-, f-, g-, h- og i-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

Vísad verður frá tilboðum sem berast of seint og tilboðum sem eru ekki í samræmi við útboðslýsinguna <sup>(1)</sup>.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að leita eftir samningum síðar ef öll tilboð sem berast eru ófullnægjandi <sup>(2)</sup>, óviðunandi <sup>(3)</sup> eða óhentug. Slíkir samningar skulu vera í samræmi við áhvilandi skyldur um opinbera þjónustu og án þess að grundvallarbreytingar séu gerðar á upprunalegum útboðsskilyrðum.

Ef síðari samningar hafa ekki í för með sér viðunandi lausn <sup>(4)</sup> áskilur samgönguráðuneytið sér rétt til að aflýsa útboðinu í heild sinni. Er þá heimilt að birta nýja útboðslýsingu með nýjum skilmálum.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að hafna <sup>(5)</sup> öllum tilboðum ef gildar ástæður til þess koma upp í kjölfar útboðsins.

Tilboðið er bindandi fyrir bjóðendur þar til samningur hefur verið gerður.

<sup>(1)</sup> Vísad frá = tilboði hafnað án þess að það sé skoðað frekar. Vísad er til 9., 11. og 12. gr. norskrar reglugerðar frá 15. apríl 1994 um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu til framkvæmdar á 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

9. gr. *Upplýsingar varðandi tilboð sem berast of seint*

Tilboðum, sem berast eftir að útboðsfrestur rennur út, sjá 6. gr., skal vísað frá af þeim sökum og skulu þau endursend.

Þetta á þó ekki við um tilboð sem berast eftir að útboðsfrestur rennur út en áður en tilboð eru opnuð ef ljóst er af pósthimpli að tilboði hafi verið sett í póst nógu snemma til að það bærst áður en fresturinn rann út samkvæmt eðlilegri pósthjónustuaætlan eða ef bjóðandi getur sannað það með kvittun frá norsku pósthjónustunni áður en tilboð eru opnuð.

Ákvörðun um að vísa tilboði frá skal skráð í tilboðaskrá ásamt ástæðum fyrir frávisun.

11. gr. *Tilboði vísað frá*

Tilboði skal vísað frá ef:

það uppfyllir ekki skilyrði fyrir þátttöku í útboðinu, sbr. 3. gr., eins og það hljóðar á síðasta skiladegi.

Eftir nánari athugun er heimilt að vísa tilboði frá ef:

í það vantar einhverjar þær upplýsingar sem kveðið er á um í útboðslýsingu;

í því kemur ekki fram styrkfjárhæðin sem farið er fram á eins og kveðið er á um í útboðslýsingu, sbr. h-lið 8. gr.;

bjóðandi getur ekki hafið þjónustu innan þess frests sem kveðið er á um í útboðslýsingu, sbr. p-lið 8. gr.;

í tilboðinu er farið fram á óeðlilega háan styrk miðað við þjónustuna sem á að veita og bjóðandi getur ekki gefið fullnægjandi ástæður fyrir því.

Í tilboðaskrá skal koma skýrt fram hvaða tilboðum er vísað frá ásamt ástæðum fyrir frávisun, sbr. f-lið 10. gr.

12. gr. *Víðmið vegna útlökunar bjóðenda*

Víð val á bjóðanda og úthlutun sammings er umsjónaraðilum útboðs heimilt að útiloka hvaða bjóðanda sem vera skal ef:

hann er gjaldþrota, stendur í skuldajöfnunarmáli eða verið er að slíta fyrirtæki hans, eða ef hann hefur hætt starfsemi eða er í sambærilegri aðstöðu vegna svipaðrar málsmeðferðar í samræmi við innlend lög eða reglur;

höfðað hefur verið mál til að lýsa hann gjaldþrota, til að jafna skuldir eða til að slíta fyrirtæki hans eða í öðrum svipuðum tilgangi í samræmi við innlend lög eða reglur;

hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir brot er varðar breytni hans í starfi;

hann hefur gerst sekur um gróf brot á starfs- og siðareglum í starfsgrein sinni sem hafa verið sönnuð með hverjum þeim hætti sem umsjónaraðili útboðsins tekur gildan;

hann hefur svikist um að greiða skatta og gjöld í samræmi við landslög þess ríkis þar sem hann hefur staðfestu eða norsk lög;

hann hefur gerst sekur um alvarlega rangar staðhæfingar í þeim upplýsingum sem áskildar eru samkvæmt 8. og 13. gr.

Ef umsjónaraðili útboðs krefur bjóðanda um sönnun fyrir því að ekkert af því, sem um getur í a-, b-, c-, e- eða f-lið 1. mgr., eigi við um hann, er umsjónaraðila heimilt að viðurkenna eftirfarandi sem fullnægjandi sönnun:

Að því er varðar a-, b- eða c-lið sakavottorð eða vottorð úr gjaldþrotaskrá, en að öðrum kosti jafngilt skjal gefið út af dómsmálafyrirvöldum eða stjórnvöldum í heimaríki bjóðanda eða því ríki þar sem hann er staddur, sem sýnir fram á að ekkert af þessu eigi við um hann.

Að því er varðar e- eða f-lið vottorð þar til bærð yfirvalds í viðkomandi ríki.

<sup>(2)</sup> Sbr. 11. gr. reglugerðar um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 15. apríl 1994, nr. 256 (sbr. 1. neðanmálsgrein hér á undan).

<sup>(3)</sup> Sbr. 5. lið III. kafla útboðslýsingarinnar.

<sup>(4)</sup> Sbr. 11. gr. norskrar reglugerðar frá 15. apríl 1994 um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu til framkvæmdar á 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 og 5. lið III. kafla útboðslýsingarinnar.

<sup>(5)</sup> Hafna = útboðinu er lokað eftir að tilboðið hefur verið athugað efnislega.



## 5. SAMNINGUR

- 5.1 Meginreglan er sú að tekið verður því tilboði sem felur í sér lægsta styrkfjárhæð fyrir hvert flugsvæði. Ef flugrekandi hefur gert tilboð með þeim fyrirvara að tilboði hans í annað flugsvæði verði tekið, er heimilt að taka tilboðum sem fela í sér lægsta styrkfjárhæð samtals.
- 5.2 Ef ókleift er að velja milli tilboða í samræmi við ákvæði liðar 5.1 vegna þess að jafnhá styrkfjárhæð er áskilin í tveimur eða fleiri tilboðum skal tekið því tilboði, eða þeim sameinuðum tilboðum þar sem við á, þar sem flest sæti eru í boði á hvoru flugsvæði á tímabilinu 7. júlí 2004–31. mars 2007.

## 6. ÚTBOÐSGÖGN

Útboðsgögnin í heild, þ.e. ákvæði um skyldur um opinbera þjónustu, sérreglur sem gilda um útboðið (norsk reglugerð um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu til framkvæmdar á 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92), staðlaður samningur og kostnaðaráætlun, fást að kostnaðarlausu hjá umsjónaraðila útboðsins:

Samferdselsdepartementet  
P O Box 8010 Dep.  
N-0030 OSLO

sími (47)22.24.83.53  
bréfasími (47)22.24.56.09

Gögnin er einnig að finna á Internetinu:  
<http://www.odin.dep.no/sd/norsk/aktuelt/anbud>

## 7. STYRKFJÁRHÆÐ

Tilboð skulu vera í samræmi við kostnaðaráætlunina í útboðsgögnunum og tilgreina skal sérstaklega í norskum krónum (NOK) styrkfjárhæðina sem áskilin er vegna umrædds flugrekstrar frá þeim degi sem áætlað er að hann hefjist til loka samningstímans, sbr. 9. lið hér á eftir. Tilboðin skulu miðast við verðlag á fyrsta rekstrarári, sem telst vera 7. júlí 2004–31. mars 2005, og sundurliðuð eftir árum.

Rétt styrkfjárhæð fyrir rekstrarárin sem hefjast 1. apríl 2005 og 1. apríl 2006 skal reiknuð á grundvelli leiðréttingar á kostnaðaráætluninni í samræmi við rekstrartekjur og rekstrarkostnað. Leiðréttingin skal miðast við hækkun vísitölu neysluverðs, samkvæmt upplýsingum norsku hagstofunnar, á 12 mánaða tímabilinu sem lýkur 15. febrúar sama ár ([http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi\\_en/](http://www.ssb.no/english/subjects/08/02/10/kpi_en/)).

Flugrekandi skal halda eftir öllum tekjum af starfseminni og bera fulla ábyrgð á útgjöldum. Ef umtalsverðar og ófyrirséðar breytingar verða á forsendum sem liggja til grundvallar tilboðinu er þó heimilt að fara fram á endurskoðun samninga í samræmi við staðlaða samninginn.

## 8. FARGJÖLD OG ÁÆTLANIR

Fargjöld og fargjaldaskilmálar skulu koma fram í tilboðunum. Fargjöldin skulu vera í samræmi við áhvílandi skyldur um opinbera þjónustu.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til breytinga á dreifibréfi ráðuneytisins N-8/97 um málsmeðferð í tengslum við umferðaráætlanir og fargjöld fyrir áætlunarflug í Noregi.

**9. SAMNINGSTÍMI; BREYTINGAR OG UPPSÖGN Á SAMNINGI**

Öll tilboð skulu miðast við samningstíma frá 7. júlí 2004 til 31. mars 2007.

Athugun á framkvæmd samningsins skal fara fram í samstarfi við flugrekandann á næstu sex vikum eftir að samningstímanum lýkur.

Óheimilt er að breyta samningnum nema breytingarnar séu í samræmi við áhvilandi skyldur um opinbera þjónustu. Allar breytingar á samningnum skulu skráðar í viðauka við hann.

**10. VANEFNDIR; UPPSÖGN SAMNINGS**

Ef samningsaðili vanefnir samninginn í mikilvægum atriðum er hinum aðilanum heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust.

Með fyrirvara um ákvæði gjaldþrotalaga er samgönguráðuneytinu heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust ef flugrekandi kemst í greiðsluþrot, hefur skuldajöfnunarmál eða verður gjaldþrota. Samgönguráðuneytinu er einnig heimilt að segja samningnum upp í öðrum tilvikum sem um er fjallað í 12. gr. reglugerðar um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu, sem fylgir útboðsgögnunum (<http://www.lovdatab.no/for/sf/sd/sd-19940415-0256.html>)

Hafi flugrekandinn verið ófær um að standa við skyldur um opinbera þjónustu samkvæmt samningnum í meira en fjóra mánuði á næstliðnum sex mánuðum, vegna óviðráðanlegra aðstæðna eða af öðrum sökum sem eru ekki í valdi hans, er heimilt að segja samningnum upp skriflega með eins mánaðar fyrirvara.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust ef flugrekandinn missir flugrekstrarleyfi sitt eða fær það ekki endurnýjað.

Með fyrirvara um hugsanlegar skaðabótakröfur skal styrkfjárhæðin lækka í hlutfalli við heildarfjölda flugferða sem aflýst er af ástæðum sem rekja má beint til flugrekandans, enda fari fjöldi flugferða sem aflýst er af slíkum ástæðum á rekstrarárinu yfir 1,5% af fyrirhuguðum fjölda flugferða samkvæmt samþykktri áætlun.

**11. FLUGKÓÐAR**

Flug mega ekki bera aðra kóða en flugfélags bjóðanda og mega ekki vera hluti af neinum kóðaskiptasamningi.

**12. SKIL TILBOÐA**

Tilboð skulu send í ábyrgðarpósti með móttökuvittun á eftirfarandi pósthöfn, og sannar pósthimpill afhendingu, eða afhent á sama stað gegn kvittun:

Samferdselsdepartementet  
Akersgata 59 (besøksadresse)  
P O Box 8010 Dep  
N-0030 OSLO

**eigi síðar en 5. janúar 2004 kl. 15:00 (að staðartíma).**

**Tilboðum skal skila í þremur (3) eintökum.**

**13. GILDI ÞESSARAR ÚTBOÐSTILKYNNINGAR**

Þessi útboðstilkynning gildir því aðeins að enginn EES-flugrekandi hafi sent samgönguráðuneytinu skriflegt erindi áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að tilboðsfrestur rann út, sbr. 12. lið þessarar tilkynningar, til staðfestingar á því að hann hyggist hefja áætlunarflug 7. júlí 2004 í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu sem hvíla á einni eða fleiri útboðsleiðum sem um getur í 2. lið þessarar tilkynningar, án þess að fara fram á fjárstyrk.

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Kæra sem Transportbedriftenes Landsforening og Nor-Way Bussekspress AS  
lögðu fram 18. september 2003 á hendur Eftirlitsstofnun EFTA**

**2003/EES/61/04**

**(Mál E-3/03)**

Hinn 18. september 2003 lögðu Transportbedriftenes Landsforening og Nor-Way Bussekspress AS fram kæru á hendur Eftirlitsstofnun EFTA fyrir EFTA-dómstólnum. Lögmenn sóknaraðila eru Advokat Jan Magne Langseth og Advokat fullmektig Gro Bergeius Andersen, Advokatfirmaet Schjødt, Dronning Mauds gt. 11, N-0201 Oslo, Norge.

Kröfur sóknaraðila eru að dómstóllinn:

1. ógildi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 16. júlí 2003 í máli 140/03/COL, og
2. dæmi Eftirlitsstofnunar EFTA til að greiða málskostnað sóknaraðila.

Rök sóknaraðila eru að í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA í máli 140/03/COL sé að finna ófullnægjandi rökstuðning, villur í mati á málsatvikum og augljósar villur í mati og beitingu hugtaksins ríkisaðstoð samkvæmt EES-samningnum, m.a. sem hér segir:

- Brotið hafi verið gegn ákvæðum um samráð í 2. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
- Beitt hafi verið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 92/82/EBE sem hafi ekki verið felld inn í EES-samninginn.
- 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hafi verið beitt ranglega og jafnframt hafi reglugerð ráðsins 1191/69, eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins 1893/91, verið beitt eftir að ákveðið hafi verið að hið norska sérleyfiskerfi fyrir áætlunarferðir fæli í sér ríkisaðstoð.
- Ekki hafi verið tekið tillit til 59. gr. EES-samningsins.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál nr. COMP/M.3288 – TNK-BP/Sibneft/Slavneft JV)

2003/EES/61/05

### Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. nóvember 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið TNK-BP, sem er í eigu breska fyrirtækisins BP plc (BP), lúxemborgska fyrirtækið Alfa Finance Holdings SA (Alfa), bandaríska fyrirtækið Access (Access), sem tilheyrir AI Petroleum Holdings LCC, og bahamska fyrirtækið Renova (Renova), auk rússneska fyrirtækisins Sibneft (Sibneft) öðlast í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir rússneska fyrirtækinu Slavneft (Slavneft) með hlutfjárkaupum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - TNK-BP: leitar að jarðolíu og jarðgasi; framleiðir, hreinsar og markaðsfærir jarðolíu og jarðgas; verslar með jarðolíu og hreinsaðar olíuvörur; framleiðir og selur hreinsaðar olíuvörur, iðefni úr jarðolíu og smurefni
  - BP: leitar að jarðolíu og jarðgasi; framleiðir og markaðsfærir jarðolíu og jarðgas; hreinsar, markaðsfærir, selur og flytur olíu, iðefni úr jarðolíu og skyldar vörur; framleiðir sólarorkubúnað
  - Alfa: á eignarhluti í fyrirtækjum á sviði olíu, fjárfestingarbankastarfsemi, vöruviðskipta, fjarskipta, trygginga, smásöluverslunar og matvælavinnslu
  - Access: á eignarhluti í fyrirtækjum á sviði olíu-, ál- og kolaframleiðslu, bankastarfsemi og fjarskiptum
  - Renova: á eignarhluti í fyrirtækjum á sviði olíu-, ál- og kolaframleiðslu og bankastarfsemi
  - Sibneft: leitar að jarðolíu og jarðgasi; framleiðir, hreinsar og markaðsfærir jarðolíu og jarðgas; framleiðir iðefni úr jarðolíu
  - Slavneft: leitar að jarðolíu og jarðgasi; framleiðir og hreinsar jarðolíu; markaðsfærir og selur olíu og hreinsaðar olíuvörur
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Rétt er að hafa í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup>.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 288 hinn 29. nóvember 2003. Athugasemdirnar má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3288 – TNK-BP/Sibneft/Slavneft JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál nr. COMP/M.3331 – KKR/MTU)****2003/EES/61/06****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. nóvember 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Kohlberg Kravis Roberts & Co., LP (KKR) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu MTU Aero Engines GmbH (MTU).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - KKR: fjárfestingarfyrirtæki
  - MTU: framleiðir flugvélahreyfla og veitir viðhaldsþjónustu fyrir flugvélahreyfla og gashverfla fyrir iðnfyrirtæki
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Rétt er að hafa í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup>.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 288 hinn 29. nóvember 2003. Athugasemdirnar má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3331 – KKR/MTU, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning samkvæmt 4. og 5. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans****2003/EES/61/07****Beiðni um heimild til að setja í landslög ákvæði sem víkja frá samræmingarráðstöfun bandalagsins**

Stjórnvöld í Austurríki tilkynntu framkvæmdastjórninni í bréfi dagsettu 23. september 2003 ákvæði héraðslaga með heitinu „Lög Salzburgar um bann við notkun erfðatækni“ sem þau telja nauðsynlegt að setja og víkja þannig frá ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið <sup>(1)</sup>. Tilkynningin barst framkvæmdastjórninni 24. september 2003.

Í 4. mgr. 95. gr. stendur efnislega að telji aðildarríki, eftir að ráðið eða framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samræmingarráðstöfun, að nauðsynlegt sé að viðhalda tilteknum ákvæðum í landslögum vegna aðkallandi aðstæðna sem um getur í 30. gr. sáttmálans eða varða verndun náttúru eða vinnuumhverfis skuli það tilkynna framkvæmdastjórninni þau ákvæði og ástæðurnar fyrir því að viðhalda þeim.

Í 5. mgr. 95. gr. stendur efnislega að telji aðildarríki, eftir að ráðið eða framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samræmingarráðstöfun, að nauðsynlegt sé að setja tiltekin ákvæði í landslög á grundvelli nýrra vísindalegra gagna sem varða verndun náttúru eða vinnuumhverfis vegna sérstakra aðstæðna í því ríki sem upp koma eftir að samræmingarráðstöfunin hefur verið samþykkt skuli það tilkynna framkvæmdastjórninni hin fyrirhuguðu ákvæði og ástæðurnar fyrir því að setja þau.

Í 6. mgr. 95. gr. stendur efnislega að framkvæmdastjórnin skuli samþykkja eða synja um ákvæði af þessu tagi áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að þau voru tilkynnt eftir að hafa gengið úr skugga um hvort þau leiði til handahófskenndrar mismununar eða leggi duldar hömlur á viðskipti milli aðildarríkjana og hvort þau geti hindrað starfsemi innra markaðarins.

Framkvæmdastjórnin minnir þá sem eiga hagsmuna að gæta á að umsagnir um tilkynningu Austurríkismanna verða því aðeins teknar til greina að þær berist áður en mánuður er liðinn frá því að þessi tilkynning birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 278 hinn 19. nóvember 2003. Jafnframt áskilur framkvæmdastjórnin sér rétt til að senda stjórnvöldum í Austurríki allar umsagnir sem berast.

Nánari upplýsingar um tilkynninguna fást hjá:

Bundesministerium für Wirtschaft und Arbeit  
Abteilung C2/1  
A-1010 Wien, Stubenring 1  
Sími: (43)17.11.00.58.96  
Bréfasími: (43)17.15.96.51 eða (43)17.12.06.80

Netfang: [post@tbt.bmwa.gv.at](mailto:post@tbt.bmwa.gv.at)

Tengiliður hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins:

Hervé Martin  
European Commission  
Directorate General Environment  
Unit C4  
BU5 02/137  
B - 1049 Brussel/Bruxelles  
Sími (32).22.96.54.44  
Bréfasími (32).22.99.10.67

Netfang: [herve.martin@cec.eu.int](mailto:herve.martin@cec.eu.int)

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 278 frá 19. nóvember 2003.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1–39.

**Tilkynning um heiti vitnisburðar í sérgreinum læknisfræði****2003/EES/61/08**

Í tilskipun ráðsins 93/16/EBE um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, eins og henni var breytt nýlega með tilskipun 2001/19/EB, nánar tiltekið 42. gr. a, er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem þau samþykkja um veitingu prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem tilskipunin nær til. Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* þar sem talin eru upp þau heiti sem aðildarríkin samþykkja fyrir viðkomandi menntun og hæfi og samsvarandi starfsheiti þar sem það á við.

Portúgal og Holland hafa tilkynnt breytingar á heitum í skrá um heiti náms í sérgreinum læknisfræði í þeim aðildarríkjum.

Viðauki C við tilskipun 93/16/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 2001/19/EB, breytist sem hér segir:

1. Undir fyrirsögninni Lyflækningar hljóði færslan fyrir Holland svo:  
„Interne geneeskunde“.
2. Undir fyrirsögninni Meltingarfæralækningar hljóði færslan fyrir Holland svo:  
„Leer van maag-darm-leverziekten“.
3. Undir fyrirsögninni Félagslækningar hljóði færslan fyrir Portúgal svo:  
„Saúde pública“.
4. Undir fyrirsögninni Smitsjúkdómar hljóði færslan fyrir Portúgal svo:  
„Infeciologia“.
5. Undir fyrirsögninni Kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði) hljóði færslan fyrir Portúgal svo:  
„Cirurgia maxilo-facial“.



## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

2003/EES/61/09

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og reglna um þjónustuskrifstofur upplýsingasamfélagsins (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37 og Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

Tilkynningar um drög að innlendum tæknilegum reglugerðum sem hafa borist framkvæmdastjórninni.

Tilvísunarnúmer (1)	Heiti	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils (2)
2003/0407/IRL	Drög að tóbaksreykingareglugerð 2003 (bann) (breyting)	04-02-2004
2003/0408/D	Viðbætur við tæknilega samningsskilmála og leiðbeiningar um trjárækt í tengslum við vegagerð (þý. skammst. <i>ZTV Baum-StB 04</i> )	05-02-2004
2003/0409/F	Tilskipun um eldþol vara, byggingarhluta og mannvirkja	05-02-2004
2003/0410/B	Ráðherratilskipun um breytingu á viðauka við konungstilskipun frá 29. ágúst 1997 um framleiðslu matvæla sem eru gerð úr jurtum eða jurtablöndum eða innihalda þær og verslun með slík matvæli	06-02-2004
2003/0411/A	Breyting á sérstöku styrkjakerfi samkvæmt 55. gr. húsnæðisumbótalaga Neðra-Austurríkis og 9. gr. húsnæðisumbóta-reglugerðar Neðra-Austurríkis frá 1990, sem sett var á fót 5. október 1993 og síðast framlengt 19. mars 2002, til að stuðla að uppbyggingu á sólarorku-, varmadælu- og sólarraforkukerfum	(4)
2003/0412/I	Tæknileg reglugerð um lágmarkskröfur um hönnun, smíð og rekstur dreifingarkerfa og dreifingarbúnaðar og leiðslna fyrir jarðgas með eigi meiri þéttni en 0,8	09-02-2004
2003/0413/P	Lög um hraðfara skemmtibáta	09-02-2004
2003/0414/IRL	Drög að tóbaksreykingareglugerð 2003 (bann) (breyting) (nr. 2)	16-02-2004
2003/0415/D	Fyrirmynd að leiðbeiningum um eldvarnarákvæði að því er varðar mjög eldtefjandi byggingarhluti í timburbyggingum (þý. skammst. <i>M-HFH HolzR</i> ), útgáfa frá júlí 2003	16-02-2004

(1) Ár – skráningarnúmer – upprunaríki.

(2) Á þessu tímabili er ekki heimilt að samþykka drögin.

(3) Ekkert stöðvunartímabil vegna þess að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki sem tilkynningarrikið bar fyrir sig.

(4) Ekkert stöðvunartímabil vegna þess að ráðstöfunin varðar tækniforskriftir eða aðrar kröfur í tengslum við skatta- eða fjármálaráðstafanir samkvæmt þriðja undirlíð annars málsliðar 11. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/34/EB.

(5) Upplýsingameðferð lokið.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á dómi frá 30. apríl 1996 í málinu „CIA Security“ (C-194/94 – Dómasafn I, bls. 2201) þar sem úrskurður Evrópuðómstólsins var á þann veg að túlka bæri 8. og 9. gr. tilskipunar 98/34/EB (áður 83/189/EBE) á þann hátt að einstaklingar gætu skírskotað til þeirra fyrir dómstólum aðildarríkjanna og þeim bæri skylda til að neita að beita innlendri tæknilegri reglugerð sem ekki hefði verið tilkynnt í samræmi við tilskipunina.

Þessi dómur staðfestir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB C 245, 1.10.1986, bls. 4).

Þetta merkir að brot á tilkynningaskyldunni ógildir viðkomandi tæknilegar reglugerðir og er þá ókleift að framfylgja þeim gagnvart einstaklingum.

Nánari upplýsingar um tilkynningarferilinn fást hjá:

European Commission

DG Enterprise, Unit F1

B-1049 Bruxelles/Brussel

Netfang: dir83-189-central@cec.eu.int

Einnig má leita fanga á eftirfarandi vefsíðu: <http://europa.eu.int/comm/enterprise/tris>

Frekari upplýsingar um þessar tilkynningar fást í eftirtöldum stjórnsýsludeildum aðildarríkjanna:

**SKRÁ YFIR STJÓRNSÝSLUDEILDIR SEM ANNAST UMSÝSLU VEGNA TILSKIPUNAR  
98/34/EB**

**BELGÍA**

BELNOTIF

Qualité et sécurité

SPF Économie, PME, Classes moyennes et Énergie

North Gate III – 4<sup>e</sup> étage

Boulevard du Roi Albert II/Koning Albert II-laan 16

B-1000 Bruxelles/Brussel

Vefsetur: <http://www.mineco.fgov.be>M<sup>lle</sup> P. Descamps

Sími: (32) 22 06 46 89

Bréfasími: (32) 22 06 57 46

Netfang: belnotif@mineco.fgov.be

**DANMÖRK**

ERHVERVS- OG BOLIGSTYRELSEN

Dahlerups Pakhus

Langelinie Allé 17

DK-2100 København Ø

Vefsetur: <http://www.ebst.dk>

Laila Østergren

Sími: (45) 35 46 66 89 (beinn sími)

Bréfasími: (45) 35 46 62 03

Netföng: Laila Østergren – loe@ebst.dk

Birgitte Spühler Hansen – bsh@ebst.dk

Sameiginlegt netfang fyrir tilkynningar –  
noti@ebst.dk**ÞÝSKALAND**

Bundesministerium für Wirtschaft und Arbeit

Referat XA2

Scharnhorststraße 34–37

D-10115 Berlin

Vefsetur: <http://www.bmwa.bund.de>

Frau Christina Jäckel

Sími: (49) 30 20 14 63 53

Bréfasími: (49) 30 20 14 53 79

Netfang: infonorm@bmwa.bund.de

**GRIKKLAND**

Ministry of Development

General Secretariat of Industry

Michalacopoulou 80

GR-115 28 Athens

Sími: (30) 17 78 17 31

Bréfasími: (30) 17 79 88 90

ELOT

Acharon 313

GR-11145 Athens

Mr. E. Melagrakis

Sími: (30) 12 12 03 00

Bréfasími: (30) 12 28 62 19

Netfang: 83189in@elot.gr

**SPÁNN**

Ministerio de Asuntos Exteriores

Secretaría de Estado de Asuntos Europeos

Dirección General de Coordinación del Mercado Interior y  
otras Políticas Comunitarias

Subdirección General de Asuntos Industriales, Energéticos, de

Transportes y Comunicaciones y de Medio Ambiente

C/Padilla 46, Planta 2<sup>a</sup>, Despacho: 6276

E-28006 Madrid

Doña Esther Pérez Peláez

Sími: (34) 91 379 84 64

Bréfasími: (34) 91 379 84 01

Netfang: d83-189@ue.mae.es

**FRAKKLAND**

Direction générale de l'industrie, des technologies de

l'information et des postes (DiGITIP)

Service des politiques d'innovation et de compétitivité (SPIC)

Sous-direction de la normalisation, de la qualité et de la

propriété industrielle (SQUALPI)

DiGITIP 5

12, rue Villiot

F-75572 Paris Cedex 12

M<sup>lle</sup> Suzanne Piau

Sími: (33) 1 53 44 97 04

Bréfasími: (33) 1 53 44 98 88

Netfang: suzanne.piau@industrie.gouv.fr

M<sup>lle</sup> Françoise Ouvrard

Sími: (33) 1 53 44 97 05

Bréfasími: (33) 1 53 44 98 88

Netfang: francoise.ouvrard@industrie.gouv.fr

**ÍRLAND**

NSAI  
Glasnevin  
IE-Dublin 9

Mr Tony Losty  
Sími: (353) 1 807 38 80  
Bréfasími: (353) 1 807 38 38  
Netfang: lostyt@nsai.ie

**ÍTALÍA**

Ministero delle attività produttive  
Dipartimento per le imprese  
Direzione generale per lo sviluppo produttivo e la  
competitività  
Ufficio F1 – Ispettorato tecnico dell'industria  
Via Molise 2  
I-00187 Roma

Vefsetur: <http://www.minindustria.it>

Sig. V. Correggia  
Sími: (39) 06 47 05 22 05  
Bréfasími: (39) 06 47 88 78 05  
Netfang: vincenzo.correggia@minindustria.it

Sig. E. Castiglioni  
Sími: (39) 06 47 05 26 69  
Bréfasími: (39) 06 47 88 77 48  
Netfang: enrico.castiglioni@minindustria.it

**LÚXEMBOURG**

SEE – SERVICE DE L'ÉNERGIE DE L'ÉTAT  
34, avenue de la Porte-Neuve  
BP 10  
L-2010 Luxembourg

M. J.P. Hoffmann  
Sími: (352) 46 97 46 1  
Bréfasími: (352) 22 25 24  
Netfang: see.direction@eg.etat.lu

**HOLLAND**

Ministerie van Financiën  
Belastingdienst/Douane Noord  
Team bijzondere klantbehandeling  
CENTRALE DIENST VOOR IN- EN UITVOER  
Engelse Kamp 2  
Postbus 30003  
NL-9700 RD Groningen

Dhr. Ebel Van der Heide  
Sími: (31) 50 5 23 21 34

Mw. Hennie Boekema  
Sími: (31) 50 5 23 21 35

Mw. Tineke Elzer  
Sími: (31) 50 5 23 21 33

Bréfasími: (31) 50 5 23 21 59

Sameiginleg netföng: enquiry.point@tiscali-business.nl  
enquiry.point2@tiscali-business.nl

**AUSTURRÍKI**

BUNDESMINISTERIUM FÜR WIRTSCHAFT UND  
ARBEIT  
Abteilung C2/1  
Stubenring 1  
A-1010 Wien

Vefsetur: <http://www.bmwa.gv.at>

Frau Brigitte Wikgolm  
Sími: (43) 17 11 00 58 96  
Bréfasími: (43) 17 15 96 51 eða (43) 17 12 06 80  
Netfang: post@tbt.bmwa.gv.at

**PORTÚGAL**

INSTITUTO PORTUGUÊS DA QUALIDADE  
Rua Antonio Gião, 2  
P-2829-513 Caparica

Vefsetur: <http://www.ipq.pt>

Miranda Ondina  
Sími: (351) 21 294 82 36 eða 81 00  
Bréfasími: (351) 21 294 82 23  
Netfang: mondina@mail.ipq.pt  
Sameiginlegt netfang: dir83189@mail.ipq.pt

**FINNLAND**

KAUPPA- JA TEOLLISUUSMINISTERIÖ  
Afgreiðsla: Aleksanterinkatu 4  
FIN-00171 Helsinki  
og  
Ratakatu 4  
FI-00120 Helsinki

Póstfang:  
PO Box 32  
FI-00023 Government

Vefsetur: <http://www.ktm.fi>

Ms Heli Malinen  
Sími: (358) 9 16 06 36 27  
Bréfasími: (358) 9 16 06 46 22  
Netfang: heli.malinen@ktm.fi

Ms Katri Amper  
Sameiginlegt netfang: maaraykset.tekniset@ktm.fi

**SVÍÐJÓÐ**

KOMMERSKOLLEGIUM  
Box 6803  
Drottningatan 89  
S-113 86 Stockholm

Vefsetur: <http://www.kommers.se>

Kerstin Carlsson  
Sími: (46) 86 90 48 82 eða (46) 86 90 48 00  
Bréfasími: (46) 86 90 48 40 eða (46) 83 06 759  
Netfang: kerstin.carlsson@kommers.se  
Sameiginlegt netfang: 9834@kommers.se

**BRETLAND**

Department of Trade and Industry  
STANDARDS AND TECHNICAL REGULATIONS  
DIRECTORATE 2  
Bay 327  
151 Buckingham Palace Road  
GB-London SW1 W 9SS

Vefsetur: <http://www.dti.gov.uk/strd>

Mr Philip Plumb  
Sími: (44) 207 215 15 64 eða 14 88  
Bréfasími: (44) 207 215 15 29  
netfang: philip.plumb@dti.gsi.gov.uk  
Sameiginlegt netfang: 98-34@dti.gov.uk

**EFTA – ESA**

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY  
Rue de Trèves 74  
B-1040 Bruxelles/Brussel

Vefsetur: <http://www.eftasurv.int>

Gunnar Þór Pétursson  
Sími: (32) 22 86 18 71  
Bréfasími: (32) 22 86 18 00  
Netfang: drafttechregesa@eftasurv.int

EFTA  
Goods Unit  
EFTA SECRETARIAT  
Rue de Trèves 74  
B-1040 Bruxelles/Brussel

Vefsetur: <http://www.efta.int>

Ms Kathleen Byrne  
Sími: (32) 22 86 17 34  
Bréfasími: (32) 22 86 17 42  
Netfang: drafttechregefta@efta.int  
kathleen.byrne@efta.int

**TYRKLAND**

Undersecretariat of Foreign Trade  
General Directorate of Standardisation for Foreign Trade  
TR-Inönü Bulvarı – Emek – Ankara

Vefsetur: <http://www.dtm.gov.tr>

Mr Saadettin Doğan  
Sími: (90) 312 212 88 00  
(90) 312 212 20 44  
(90) 312 212 25 65  
Bréfasími: (90) 312 212 87 68  
Netfang: dtsabbil@dtm.gov.tr